

51

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna bætist svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir.

Lög nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingafélög, skulu koma til framkvæmda af nýju og gilda árið 1950 um tryggingasjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, sem tók til starfa þar árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

52

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 33. tölulið B-liðar 2. gr. laganna kemur nýr töluliður:
Hjarðardalsbót í Önundarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.